

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Hvanneyri, 14. október 2025
202509-0029/S.Þ.
08.02

Efni: Umsögn - Deiliskipulag - Tillaga - Nesvegur 50 , nr. 1103/2025 Reykjanesbær.

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar er barst 3.9.2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nesvegur 50 , nr. 1103/2025 í Reykjanesbæ.

Í greinargerð með skipulagstillögunni kemur fram að á lóðinni sem deiliskipulagið nær til hefur verið stafrækt fiskeldisstöð um árabíl sbr. aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035. Skipulagssvæðið er í landi Kalmanstjarnar og Junkaragerðis á Nesveg 50 í Reykjanesbæ og er um 31,28 ha. Markmið skipulagstillögunnar er að gera grein fyrir nýtingu lóðarinnar fyrir fiskeldi (lagareldi), og skilgreina framkvæmdasvæði og byggingarreiti á lóðinni þar sem reisa má mannvirki vegna starfseminnar. Nýir byggingarreitir eru skilgreindir fyrir bættum húsakosti og fiskeldiskerjum.

Fram kemur að helstu áhrifavaldar á umhverfið varðandi uppbyggingu mannvirkis og starfsemi séu vegna frárennslis, vatnstöku, jarðmyndana vegna framkvæmda svo sem ásýndar landslags, gróðurs og lífríkis.

Fráveita

Í greinargerð með skipulagstillögu kemur fram að fráveita frá núverandi fiskeldisstarfsemi sé lögð út í sjó sbr. ákvæðum starfsleyfis fyrir við komandi starfsemi. Þynningarsvæði við útrás frárennslis er sjórinn. Starfsleyfi skilgreinir mörk mengunar og þynningarsvæðis og heilbrigðiseftirlit veitir um það umsögn. Skólp er leitt í rotþró.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á mikilvægi rekstur virkra fráveitumannvirkja til að lágmarka lífræn áhrif á mikilvægt fuglasvæði við aðliggjandi fjörur og grunnsævi.

Jarðmyndanir, landslag og ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem

lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og áskýnd svæðisins.

Skipulagssvæðið er innan víðfeðms hraunasvæðis, Sandfellshæð, og því bendir Náttúruverndarstofnun á ákvæði 61. gr. um náttúruvernd nr. 60/2013 þar sem m.a. kemur fram að eldvörp, eldhraun, gervígígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma njóti sérstakrar verndar.

Þrátt fyrir framangreint er eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Því minnir Náttúruverndarstofnun á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Gróður og lífríki

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vefsja Náttúrufræðistofnunar¹ er strandlengjan við skipulagssvæðið skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði, sem nefnist Kalmanstjörn-Garðskagi þar sem fjörur og grunnsævi er metið sérstaklega mikilvægt. Í fjölríti Náttúrufræðistofnunar um mikilvæg fuglasvæði á Íslandi kemur fram að á umræddu svæði sé fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Einnig að á fartíma fugla að vori séu stórir hópar vaðfugla í fjörum innan svæðisins og að sanderla, sem náð hefur alþjóðlegum verndarviðmiðum (1300 fuglar) sé þar meðal fargesta, en hafi fækkað á síðari árum. Umrætt fuglasvæði er metið alþjóðlega mikilvægt fyrir straumendur og sendlinga á vetrum.²

Náttúruverndarstofnun bendir á að í nærliggjandi fjörum og grunnsævi geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands.³

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um umrætt fuglasvæði og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á eða við svæði sem eru mikilvæg fyrir fugla.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Axel Benediktsson
sérfræðingur

¹ <https://www.vefsja.is/?z=13.00&lat=63.92390385&lng=-22.68211877>

² https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

³ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/natturuminjaskra/forgangstegundir-fugla>

